

Ár 2010, mánudaginn 26. apríl, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

**Að ákveða laun og starfskjör forstjóra
Landsvirkjunar Power ehf.**

I.

Fullskipað kjararáð kvað hinn 23. febrúar 2010 upp úrskurð nr. 2010.4.001 um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með lögum nr. 87/2009 bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Með fyrrnefndum lögum var hlutafélagalögum nr. 2/1995 breytt þannig að kjararáð ákveður nú laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og dótturfélaga þeirra. Í 1. gr. laganna segir að í vafatilvikum úrskurði fjármálaráðuneyti um hvort kjararáð eigi úrskurðarvald. Kjararáð óskaði eftir lista yfir dótturfélög með tölvupósti til fjármálaráðuneytisins 6. október 2009 og ítrekaði óskina með bréfi dagsettu 17. nóvember 2009. Listi yfir dótturfélög barst kjararáði með tölvubréfi 26. janúar 2010. Á listanum var Landsvirkjun Power ehf., dótturfélag Landsvirkjunar og heyrir því undir kjararáð að ákveða laun forstjóra félagsins. Með þessum úrskurði tekur þriggja manna kjararáð ákvörðun um launakjör forstjóra Landsvirkjunar Power ehf. og byggist hún á þeim almennu forsendum sem ákveðnar eru í áðurnefndum úrskurði fullskipaðs kjararáðs. Ber því að líta á úrskurðina sem eina heild.

II.

Kjararáð skrifaði forstjóra og stjórn Landsvirkjunar Power ehf. bréf 1. febrúar 2010 og gaf þeim kost á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið auk þess sem óskað var eftir ítarlegum upplýsingum um öll núverandi starfskjör forstjórans, þar með talin hlunnindi, svo sem bifreiða- og aksturshlunnindi, sérstakar greiðslur í lífeyrissjóð o.þ.h. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um öll launuð aukastörf og starfsemi fyrirtækisins. Í bréfunum voru kynntar helstu breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 87/2009 á lögum um kjararáð og hlutafélagalögum nr. 2/1995. Sérstaklega var óskað eftir afriti af ráðningarsamningi eða erindisbréfi. Fjármálaráðuneyti var skrifað 4. mars 2010 og gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Bréf, dagsett 15. febrúar 2010, barst frá forstjóra Landsvirkjunar sem svaraði fyrir hönd stjórnar Landsvirkjunar Power ehf. (LVP). Bréfinu fylgdi ráðningarsamningur frá febrúar 2008 auk breytinga frá 3. október 2008 og 27. janúar 2009. Í bréfinu sagði að LVP hefði hafið starfsemi sína 1. janúar 2008. Starfsemin byggði á afar sérhæfðum hópi tæknimanna sem áður störfuðu á verkfræði- og framkvæmdasviði Landsvirkjunar, sem nú væri að ljúka frágangi Kárahnjúkavirkjunar. Verkið hefði tekist vel og væri stærsta einstaka framkvæmd sem ráðist hefði verið í hér á landi, heildarkostnaður hefði verið tæplega 150 milljarðar króna. Ábyrgð á verkefninu hefði hvílt á herðum hópsins í LVP. Landsvirkjun og eigendum hennar væri afar mikilvægt að sú þekking sem byggst hefði upp við undirbúning og byggingu virkjana um áratuga skeið glataðist ekki. Af hálfu Landsvirkjunar hefði verið talið að með stofnun sérstaks hlutafélags um starfsemi LVP (áður verkfræði- og framkvæmdasviðs Landsvirkjunar) mætti auka sveigjanleika og snerpu, ýta undir frumkvæði starfsmanna við verkefnaöflun og úrvinnslu og takmarka áhættu móðurfélagsins af starfsemi LVP erlendis við það hlutfé sem lagt yrði í félagið. Í upphafi hefði verið ákveðið að félagið skyldi starfa á tveimur meginsviðum, verkfræðiráðgjafar og fjárfestinga í orkuverkuverkefnum erlendis. Hlutverk félagsins væri einkum að viðhalda og þróa þekkingu innan samstæðu Landsvirkjunar í virkjun

á vatnsafl og jarðvarma, að tryggja samfelldan vöxt og þróun Landsvirkjunarsamstæðunnar umfram það sem innanlandsmarkaður leyfði og skila eigendum sínum arði. LVP sinni hlutverki sínu með: Umsjón með rannsóknum, undirbúningi og byggingu virkjana innanlands fyrir móðurfélagið; verkefnastjórnun og ráðgjöf innanlands og erlendis á sviði vatnsafls- og jarðvarmavirkjana og flutningskerfa; þróun verkefna erlendis á sviði vatnsafls- og jarðvarmavirkjana og fjárfestingum í orkuverkefnum og fyrirtækjum erlendis, beint eða í gegnum dóttur- og hlutdeildarfélög. Hlutfé LVP væri nú 500 milljónir króna en stjórn Landsvirkjunar hefði samþykkt að leggja félaginu til allt að 8 milljörðum króna í hlutfé eftir því sem verkefni félagsins þróuðust. Ákvörðun um aukningu hlutfjár hefði þó verið slegið á frest ótímabundið. Félagið hefði velt rúmum 800 milljónum króna á síðasta ári og starfmenn hefðu verið um 45 talsins. Félagið sinni fyrst og fremst verkefnastjórnun og við þau verkefni sé fjöldi ráðgjafa. Mjög hefði dregið úr verksölu LVP vegna verkefna innanlands, en verkefni erlendis hefðu aukist og hefði hlutdeild þeirra farið úr 4,3% árið 2008 í 21,3% 2009. Vöxtur í ráðgjöf og verkefnastjórn erlendis væri forsenda þess að viðhalda tækniþekkingu innan Landsvirkjunarsamstæðunnar. LVP lifi eingöngu af sjálfsaflafé og hagnaður væri af rekstri félagsins. Eftirspurn erlendra verkfræðistofa eftir sérfræðingum LVP hefði aukist stórlega í kjölfar Kárahnjúkaverkefnisins og skipti því miklu máli að fyrirtækið gæti boðið samkeppnishæf laun. Væri kjörum þeirra kollvarpað gæti það leitt til þess að dýrmæt þekking tapaðist úr Landsvirkjunarsamstæðunni. Atgervisflótti mundi valda LVP fjárhagslegu tjóni ef ekki yrði unnt að standa við skuldbindingar. Forstjóri færi með venjubundin störf forstjóra. Núverandi forstjóri hefði góða þekkingu á allri starfsemi LVP og til hans væru gerðar miklar kröfur. Hann byggi yfir yfirgripsmikilli þekkingu og gegndi lykilhlutverki við öflun verkefna erlendis. Forstjóri Landsvirkjunar fjallaði að lokum nokkuð um kjör forstjóra LVP samkvæmt ráðningarsamningi. Sambærileg störf væru störf forstjóra innlendra orkufyrirtækja, framkvæmdastjóra og forstjóra stærstu verkfræðistofa landsins og fjárfestingarfélaga. Að lokum sagði forstjóri Landsvirkjunar að stjórn LVP teldi að fæli ákvörðun kjararáðs um laun forstjóra LVP í sér lækkun launa hans gæti sú lækkun ekki komið til framkvæmda fyrr en að uppsagnarfresti liðnum.

Bréf, dagsett 15. febrúar 2010, barst frá forstjóra Landsvirkjunar Power ehf. Bréfinu fylgdi greinargerð forstjóra sem merkt var sem trúnaðarmál og verður því ekki vitnað til hennar, svo og ráðningarsamningur, breytingar á honum og ferilskrá forstjóra. Í bréfinu lýsti hann starfsemi félagsins á sama hátt og forstjóri Landsvirkjunar gerði í bréfi sínu.

Í ráðningarsamningi kom fram að forstjóri tæki við fyrirmælum beint frá stjórn og starfaði í umboði hennar. Forstjóra væri heimil seta í stjórn dóttur- og hlutdeildarfélaga. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur væri tólf mánuðir. Vinnutími miðaðist í meginráttum við almennan skrifstofutíma en réðist af aðstæðum hverju sinni og væru vinnutíma engin takmörk sett. Ekki væri greitt sérstaklega fyrir vinnu umfram venjulegan vinnutíma. Félagið legði forstjóra til bifreið til fullra og fjálsra afnota honum að kostnaðarlausu. Félagið legði forstjóra einnig til farsíma, tölvu og prentara honum að kostnaðarlausu. Greitt væri í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins samkvæmt reglum sjóðsins auk framlags í séreignasjóð. Forstjóri ætti sama rétt og aðrir starfsmenn félagsins til annarra starfstengdra hlunninda, svo sem styrkja til líkamsræktar, endurmenntunar, námskeiða o.fl. Auk þess er í ráðningarsamningnum fjallað um orlof, rétt til launa í veikindum, ferðakostnað, tryggingar, risnu o.þ.h. Þá segir að gerist forstjóri sekur um vanrækslu eða brot í starfi eða óhlýðnist lögmætum fyrirmælum stjórnar félagsins varði það áminningu eða fyrirvaralausri uppsögn ef sakir séu miklar.

Fjármálaráðuneyti svaraði með bréfi dagsettu 11. mars 2010. Í bréfinu sagði að eðlilegt væri að kjararáð horfði til þeirrar launastefnu sem fram kæmi í leiðarljósum ríkisstjórnarinnar í skýrslu fjármálaráðherra um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009 – 2013. Þar segir meðal annars að lækka skuli laun æðstu yfirmanna hjá ríkinu þannig að þau verði ekki hærri en laun forsætisráðherra.

Kjararáð gaf forstjóranum kost á að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun með bréfi dagsettu 17. mars 2010. Bréf, dagsett 28. mars 2010, barst frá forstjóranum. Í bréfinu mótmælti hann fyrirhugaðri ákvörðun, sem kjararáð brýsti vald til að taka, hún væri löglaus og efnislega röng þar sem hún gæti ekki tekið gildi fyrr en að loknum samningsbundnum uppsagnarfresti. Að öðru leyti voru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við ráðgerða ákvörðun.

III.

Landsvirkjun Power ehf. var stofnað 2007 og tók til starfa 1. janúar 2008. Verkfræði- og framkvæmdasvið Landsvirkjunar var lagt niður og fluttist til hins nýja félags. Á heimasíðu félagsins segir að tilgangur með stofnun þess sé að taka þátt í hvers konar fjárfestingu á sviði orkumála, þar með talið í fjárfestingum í virkjunum og raforkukerfum beint eða óbeint. Landsvirkjun Power ehf. hefur umsjón með undirbúningi og byggingu nýrra virkjana fyrir Landsvirkjun og tók jafnframt yfir eignarhluti Landsvirkjunar í dóttur- og hlutdeildarfélögum sem starfa að ráðgjafar- og fjárfestingarverkefnum erlendis. Félagið starfar að rannsóknum, sérfræðiráðgjöf og verkefnastjórn á sviði vatnsafls- og jarðvarmavirkjana og háspennuflutningskerfa. Starfsmenn eru rúmlega 40. Dóttur- og hlutdeildarfélög eru: Íslensk jarðhitatækni ehf., sem starfar á sviði jarðhitanytingar; HydroKraft Invest, sem er alþjóðlegt fjárfestingarfélag; Hecla SAS sem hefur höfuðstöðvar í Frakklandi og sérhæfir sig í starfsemi tengdri raforkuframleiðslu með vatnsorku og raforkuflutningi og Sipenco sem starfar í Sviss og hefur það hlutverk að undirbúa, reka, hanna, endurhanna og byggja búnað og kerfi sem tengjast raforkuframleiðslu og flutningi.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Með lögum nr. 148/2008 var kjararáði falið, án tillits til fyrri lögmæltra viðmiða, að kveða upp úrskurð fyrir árslok 2008 er fæli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gildi frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða kjör annarra til samræmis. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærra en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði. Síðast var lögum um kjararáð breytt með lögum nr. 127/2009 en í þeim segir að til nóvemberloka 2010 sé óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skuli gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast sé unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga nr. 47/2006.

Með þeim breytingum, sem að ofan greinir, á skipulagi ákvarðana um launakjör þeirra sem heyra undir kjararáð hefur, eins og fram kemur í úrskurði um almennar forsendur nr. 2010.4.001, verið raskað því fyrirkomulagi og viðmiðum sem tilgreind voru í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 eins og þau upphaflega voru. Kjararáð verður samkvæmt 8. gr. eins og hún nú er fyrst og fremst að miða við föst laun forsætisráðherra og þær ákvarðanir sem

Alþingi tók um lækkingu launa þeirra sem hafa heyrt undir ákvörðunarvald ráðsins. Af þessu leiðir einnig, að svo geti í auknum mæli farið að æðsti stjórnandi hlutafélags eða stofnunar í eigu ríkisins verði ekki með hæst laun starfsmanna, en við því hefur kjararáð engin úrræði. Fyrirvaralaus ákvæði laga nr. 148/2008 og 87/2009 hafa í reynd afnumið meginefni 8. gr. laga um kjararáð.

Þeir sem heyra undir ákvörðunarvald kjararáðs taka laun samkvæmt launaflokkum 123 til 142, að forseta Íslands og forsætisráðherra undanskildum. Mánaðarlaun í launaflokki 123 eru 458.224 krónur, í launaflokki 140 806.230 krónur og í launaflokki 142 862.207 krónur. Í launaflokkum 140 til 142 eru hæstaréttardómarar, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, rektor Háskóla Íslands, vegamálastjóri, skrifstofustjóri Alþingis og ráðuneytisstjórnar. Auk mánaðarlauna fá þessir embættismenn greitt fyrir yfirvinnu og álag í formi eininga, 6 til 24 einingar á mánuði, forseti Hæstaréttar mest, en aðrir mest 18 einingar. Einingafjöldi til viðbótar mánaðarlaunum í launaflokkum 123 til 142 er almennt á bilinu 0-20.

Við ákvörðun mánaðarlauna forstjóra LVP, þ.e. fastra launa fyrir dagvinnu, hefur kjararáð meðal annars haft hliðsjón af mánaðarlaunum forstjóra Landsvirkjunar, forstjóra RARIK ehf. og orkumálastjóra, en þeir eru í launaflokkum 141, 138 og 134. Þá hefur kjararáð við ákvörðun einingafjölda gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun lækki óhóflega. Þetta leiðir til tímabundins ósamræmis við laun þeirra sem hafa heyrt undir kjararáð, en búast má við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir það heyra eftir 1. desember 2010 eins og nánar er gerð grein fyrir í úrskurði nr. 2010.4.001.

Kjararáð hefur fjallað um setu forstjórans í stjórnnum dóttur- og hlutdeildarfélaganna LVP og er niðurstaða ráðsins að um sé að ræða aukastörf sem tilheyri aðalstarfi og beri ekki að launa þau sérstaklega. Sama á við um setu hans í öðrum stjórnnum og nefndum sem hann situr í sem fulltrúi LVP.

Vakin er athygli á því að í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur segir að kjósi framkvæmdastjóri að halda bifreiðahlunnindum samkvæmt ráðningarsamningi, þar með töldum greiðslum sem miðast við tiltekinn fjölda ekinna kílómetra, skuli verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra dragast frá heildarlaunum sem kjararáð ákveður og fram koma í ákvörðunarorði. Jafnframt segir að laun séu ákveðin miðað við lífeyrisréttindi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og sé miðað við að verðmæti iðgjalds launagreiðanda sé 20% af heildarlaunum. Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en LSR, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun, sem ákveðin verða af þriggja manna kjararáði, hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við ef greitt er meira eða minna en 2% af launum í séreignasjóð fyrir félaga í LSR, sjá nánar kafla VIII í úrskurði nr. 2010.4.001. Þá skulu greiðslur fyrir fastlínusíma á heimili framkvæmdastjóra dragast frá heildarlaunum sem fram koma í ákvörðunarorði.

Eins og fram kemur í IX. kafla úrskurðar kjararáðs nr. 2010.4.001 taka ákvarðanir ráðsins gildi frá ákvörðunardegi nema annað sé sérstaklega tekið fram í einstökum ákvörðunum.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör forstjóra Landsvirkjunar Power ehf.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. maí 2010 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Landsvirkjunar Power ehf. vera samkvæmt launaflokki 502-137, nú 729.163 krónur. Að auki skal greiða honum 80 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Kjósi forstjóri Landsvirkjunar Power ehf. að halda bifreiðahlunnindum sínum skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun sem hér eru ákveðin hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við sé greiðsla í séreignasjóð sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins meiri en 2% af launum.

Seta forstjórans í stjórn Þeistareykja ehf. tilheyrir aðalstarfi og launast ekki sérstaklega.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs eins og þær eru á hverjum tíma og eins og við á.

Ákvörðun þessi gildir fyrir þann sem nú gegnir starfi forstjóra Landsvirkjunar Power ehf.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson